

Minnisblað - Varðandi fyrirspurn í bæjarráð þann 25. september 2018

1704040 – Viðaukar 2018

Fulltrúi Samfylkingar Adda María Jóhannsdóttir leggur fram eftirfarandi fyrirspurnir:

Vegna fjárhagsáætlana, viðauka. Óskað er upplýsinga um heimildir til tilfærslna á framlögum úr jöfnunarsjóði. Á seinasta fundi bæjarstjórnar voru 7,9 milljónir færðar úr almennum grunnskólaframlögum til greiðslu á samningi við Capacent um stjórnarsýsluúttekt. Þann 28. júní var samþykktur annar viðauki í bæjarráði, í umboði bæjarstjórnar, þar sem 99 milljónir voru fluttar úr framlögum vegna málaflokks fatlaðs fólks til að standa straum af útgjöldum í ýmsum öðrum málaflokkum m.a. til fræðslumála. Óskað er svara við því hvort sveitarfélögum sé almennt heimilt að færa framlög jöfnunarsjóðs á milli málaflokka með þessum hætti og gilda þá um það einhverjar verklagsreglur? Ef svo er óskast þær kynntar bæjarráðsfulltrúum hið fyrsta.

Svar:

Framlög jöfnunarsjóðs eru í áætlun ekki færð á málaflokka heldur eru líkt og skatttekjur færð sem einn af tekjustofnum sveitarfélagsins sem sér liður og framlögin koma því ekki til lækkunar útgjalda málaflokksins. Í áætlun 2018 var þessi tekjupóstur vanáætlaður. Ekki er verið að skerða fjárheimildir til málaflokks fræðsluþjónustu heldur einungis að fá heimild bæjarstjórnar til að ganga frá samningi við Capacent. Til að það sé hægt þarf að sýna fram á að tekjur bæjarins muni standa undir því án þess að ganga á rekstrarniðurstöðu. Viðaukinn sýnir að það er gerlegt þar sem að tekjuhliðin verður hærri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir.

Sama svar gildir um viðauka þar sem að 99 milljóna króna framlagi vegna málaflokks fatlaðs fólks var stillt upp sem tekjupósti. Þar var einnig um vanáætlun á tekjum frá jöfnunarsjóði að ræða en ekki var verið að skerða eða taka fjárveitingar frá þessum málaflokki á móti. Í báðum tilfellum eru framlög jöfnunarsjóðs lægri en útgjöld sveitarfélagsins til málaflokksins og hærri framlög jöfnunarsjóðs þýða því einungis minni halla hjá sveitarfélaginu.

Almennt um viðauka:

Heimilt er að flytja fjárheimildir á milli málaflokka með því að gera viðauka og að fengnu samþykki bæjarstjórnar, sbr. reglugerð nr. 1212 frá 11. desember 2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga/Fylgiskjal III, gerð viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélaga 2.gr.